

# MYNL2ÚL05

*Búið til: Wed, 02 May 2012 14:52:14 GMT*

## Titill

Úrgangslist

## Skammstöfun

MYNL2ÚL05

## Útgáfunúmer

3

## Námsgrein

myndlist

## Viðfangsefni

úrgangslist

## Staða

Samþykkt af skóla

## Þrep

2

## Einingafjöldi

5

## Tillaga að bókstöfum/tölustöfum skóla

### Lýsing

Áfanginn miðar að því að opna fyrir sköpunarkraft nemenda og gera þá óhrædda við að prófa, framkvæma og þróa hugmyndir sínar án þess að hræðast útkomuna. Áhersla er lögð á hugmynda- og tilraunavinnu þar sem unnið er í og með ólík efni og miðla. Unnið verður með efni sem alla jafna er hent og gefa því nýtt líf þannig að nemendur kynnast því að í myndlist er hægt að vinna úr hvaða hráefni sem er og í hvaða miðli sem er.

### Forkröfur

Inngangur að listum

### Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- að myndlist er hægt að vinna úr hvaða hráefni sem er og í hvaða miðli sem er
- að hægt er að skapa raunveruleg verðmæti úr úrgangi
- konsept hugsun
- vinnuumhverfi, vinnutækjum og áhöldum sinnar listgreinar
- skapandi hugsun og hugflæði
- hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar
- mismunandi nálgun listamanna við listsköpun
- að miðla listsköpun sinni með því að tjá sig um hana og sýna
- þróa með sér aga, metnað, ábyrgð og jákvæðni í vinnubrögðum
- meta eigið vinnuframlag

### Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- beita skapandi hugsun
- sjá möguleika í úrgangi sem öllu jafna er hent og gefa nýtt hlutverk
- tjá sig um eigin sköpun
- nýta sér hugarflæði í hugmyndavinnu
- leysa úr viðfangsefnum einn eða í samstarfi við aðra
- skiptast á skoðunum og setja fram hugmyndir sínar og bregðast við viðmælendum

## Hæfniviðmið

### Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- vera skapandi í hugsun ...sem er metið með... umræðum, verklegum æfingum og skriflega
- skapa list úr úrgangi ...sem er metið með... umræðum, verklegum æfingum og skriflega
- vera meðvitaður um menningarlegt hlutverk listsköpunar ...sem er metið með... umræðum, verklegum æfingum og skriflega
- fullvinna hugmyndir undir leiðsögn kennara ...sem er metið með... umræðum, verklegum æfingum og skriflega
- tjá sig hiklaust um eigin sköpun við aðra viðmælendur ...sem er metið með... umræðum
- skapa eigin verk byggt á eigin listrænum styrk undir leiðsögn kennara ...sem er metið með... umræðum, verklegum æfingum og skriflega
- skilgreina eigin verk ...sem er metið með... umræðum, verklegum æfingum og skriflega
- standa að sýningu þar sem nemandinn miðlar listrænum styrk sínum ...sem er metið með... framkvæmd sýningar og umræðum
- kynna eigin verk og geta brugðist við og tjáð skoðanir sínar um verk annarra ...sem er metið með... umræðum
- tjá sig hiklaust og taka þátt í samræðum um myndlist við ólíka viðmælendur ...sem er metið með... umræðum
- leysa úr viðfangsefnum einn eða í samstarfi við aðra ...sem er metið með... umræðum, verklegum æfingum og skriflega
- þróa með sér aga, metnað, ábyrgð og jákvæðni í vinnubrögðum ...sem er metið með... umræðum, verklegum æfingum og skriflega
- meta eigið vinnuframlag ...sem er metið með... umræðum og skriflega

## Námsmat

Í áfanganum er viðhaft símat alla önnina og lögð er áhersla á vinnusemi, sköpun og áræði. Öll verkefni gilda til einkunnar og þess vegna er það mikilvægt að nemendur stundi námið reglulega.

## Skólar

## Fyrirmynd